

Þess, að ekki hefði verið komið fram með endanlegar kröfur af hálfu stefnda, fyrr en raun varð á, lýsti umboðsmaður stefnda því yfir, að hann hefði eigi verið búinn að kynna sér málið nægjanlega á þeim tíma, er greinargerðin var samin. Verður ekki fallið á, að þessi ástæða réttlæti það, hversu seint stefnda kom fram með hinar nýju kröfur, og með því að ekkert annað er leitt í ljós í málinu, sem geti talizt réttlæta þessa kröfugerð, sem gengur lengra en kröfurnar í greinargerð, þá þykir, gegn mótmælum stefnanda og með skirskotun til 106. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936, eigi unnt að taka hinar síðari dómkröfur stefnda til greina, enda getur fyrrnefndur áskilnaður í greinargerð ekki talizt hafa þýðingu að þessu leyti. Kröfugerð stefnda í greinargerð verður því lögð til grundvallar í málinu. Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindar dómkröfur stefnda komast eigi að í máli þessu.

Þriðjudaginn 26. september 1944.

Kærumálið nr. 7/1944. Vinnuveitendafélag Íslands
gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamanna-
félagsins Dagsbrúnar.**

Kærður úrskurður félagsdóms um frestveitingu. Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af hinum reglulegu dómendum félagsdóms, þeim Hákonni Guðmundssyni, Gunnlaugi Briem, Kristjáni Kristjánssyni, Jóni Ásbjörnsyni og Sigurjóni Ólafssyni.

Forseti Félagsdóms hefur með bréfi 1. júlí þ. á. og hingað komnu sama dag sent hæstarétti kæru sóknaraðilja, dags. 24. júní þ. á., þar sem hann kærir úrskurð félagsdóms í málinu Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er kveðinn var upp 21. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Niðurlag úrskurðar þessa varðar aðeins frestveitingu, en úrskurður félagsdóms um það atriði er fullnaðarúrslausn samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938, og skiptir það eigi hér máli, á hvaða forsendum frestur var veittur. Þau atriði, er 3. töluliður nefndrar greinar heldur, verða eigi fyrr borin undir hæstarétt en þau hafa sætt úrlausn í félagsdómi. Verður því að vísa máli þessu frá hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Sóknaraðili, Vinnuveitendafélag Íslands, greiði varnaraðilja, Alpýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður félagsdóms 21. júní 1944.

Mál þetta er höfðað af Alpýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands með stefnu 24. apríl þ. á. Er málið risið út af ágreiningi um það, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. kjarasamnings, dags. 22. febr. 1944, milli Dagsbrúnar og stefnda. Orð þetta er talið vera komið inn í samninginn að tilhlutun sáttasemjara ríkisins eða sáttanefndar, er að sáttum vann með honum, meðan á samningum stóð.

Í þinghaldi 14. þ. m. óskaði stefnandi eftir fresti til þess að kveðja sáttasemjara ríkisins og sáttanefndina hér fyrir dóm, til þess að fá vitnisburð þeirra um það, hvað þeir hefðu talið, að fælist í umdeildu orði. Þá krafðist stefnandi og frests til þess að þeir stjórnarnefndarmenn Dagsbrúnar og samninganefndarmenn, sem fjölluðu um þetta samningsatriði, gætu fyrir dómi gefið aðiljaskýrslu í málinu.

Stefndi mótmælti því, að frestur yrði veittur til nefndrar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu. Studdi hann mótmæli sín þeim rökum að óheimilt sé að krefja sáttasemjara eða sáttamenn í vinnudeil-

um skýrslna um það, hvað fram hafi farið á sáttafundum. Þá taldi hann og, að sér væri algerlega óviðkomandi, hvað fram hefði farið milli sáttamanna og umboðsmanna Dagsbrúnar á sáttafundum án sinnar vitundar, og því þýðingarlaust fyrir málið að leita upplýsinga um það með vitnaleiðslu eða aðiljayfirheyrslum.

Samkvæmt síðustu málsgrein 28. gr. laga nr. 80/1938 er bannað að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundi, nema báðir aðiljar samþykki. Ekki verður talið, að í þessu ákvæði felist algert bann við því, að sáttasemjari eða sáttamenn beri vitni til skýringar á samkomulagi, sem náðst hefur milli aðilja á sáttafundi, og verður slíkt bann ekki heldur leitt af öðrum lagaákvæðum. Með því að skýrslugjöf af hálfu sáttamanna þarf þannig ekki að brjóta í bág við 28. gr. 1. nr. 80/1938, en hins vegar ekki útilokað, að hún gæti orðið til nota við úrlausn málsins, þykir rétt, að stefnanda gefist kostur á, að umbeðin vitnaleiðsla geti farið fram. Þá verður ekki á þessu stigi málsins fullyrt, að aðiljaskýrslur forráðamanna Dagsbrúnar og samninganefndar hljóti að vera þýðingarlausar fyrir úrslit málsins, og ber því með tilvísun til 115. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. 1. nr. 80/1938, að veita stefnanda kost á að koma þeim á framfæri hér fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu veitist stefnanda frestur til umbeðinnar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu.

Því úrskurðast:

Stefnandi fær frest í máli þessu til framannefndrar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu.

Miðvikudaginn 27. september 1944.

Kærumálið nr. 9/1944. Hallbjörn Þórarinsson
gegn

Sverri Briem.

Staðfesting vitnaskýrslna.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 10. júlí þ. á. hefur borgarfégetinn í Reykjavík sent hingað kæru sóknaraðilja, dags. 30. júní þ. á., á úrskurði, uppkveðnum af fulltrúa borgarfégeta Unnsteini Beck í fógatarétti Reykjavíkur 26. júní þ. á. í útburðarmálinu Sverrir Briem gegn Hallbirni Þórarinssyni.